



## Fundarboð

### Kæru félagar!

Fræðslunefnd KÍ stendur fyrir forystufræðslu í febrúar nk. fyrir forystusveit KÍ og aðildarfélag og starfsmenn KÍ til að styðja fólk í starfi sínu fyrir kennarasamtökin. Markmiðið er að efla stéttarvitund, virkni, þátttöku og ábyrgð forystufólks KÍ.

### Fundað verður sem hér segir:

- Reykjavík, miðvikudag 13. febrúar, Hvammi, Grand hóteli, kl. 9:00-16:00. (Fyrir höfuðborgarsvæði, Vesturland, Vestfirði, Suðurland, Suðurnes).
- Akureyri, miðvikudag 20. febrúar, KEA, kl. 9:00-16:00. (Fyrir Norðurland og Austurland).

### Til þessa fundar eru eftirtaldir boðaðir:

KÍ: Stjórn, framboðsnefnd, skólamálaráð, kjörstjórn, skoðunarmenn reikninga, stjórn orlofssjóðs, stjórn vinnudeilusjóðs, stjórn sjúkrasjóðs, vinnuumhverfisnefnd, fræðslunefnd, jafnréttisnefnd, siðaráð, útgáfuráð og starfsfólk KÍ.

Aðildarfélög: Stjórnir, samninganefndir, skólamálanefndir/fagráð, stjórnir símenntunarsjóða, formenn svæða- og félagsdeilda/samráðsnefndir.

Boðaðir eru aðalfulltrúar og varafulltrúar í forföllum þeirra og eru aðalfulltrúar beðnir að sjá um boðun varafulltrúa.

Meginviðfangsefni fundanna að þessu sinni er af tvennum toga: Á fyrri hluta fundarins eru viðfangsefnin starf og stefna KÍ; útgáfumál, kjaramál og horfur í kjarasamningum. Seinni hluti fundarins er helgaður jafnréttis- og vinnuumhverfismálum.

Dagskrá verður send út innan tíðar. Upplýsingar um fundina eru einnig á heimasíðu KÍ undir „Fræðslumál“. Fundargögn verða aðgengileg á netinu og er forystufólk beðið um að hafa fartölvur meðferðis.

Fundurinn 13. febrúar verður sendur út í streymi og er hægt að horfa á hann í hvaða nettengdri tölvu sem er. Þeir sem velja þann kost geta sent fyrirspurnir og ábendingar í tölvupósti til fundarstjóra meðan á fundi stendur. Þið eruð beðin um að skrá ykkur **strax** á forystufræðsluna á þessari [slóð](#): Mikilvægt er merkja við hvort þið komið á fundinn á Akureyri eða í Reykjavík eða hvort þið ætlið að taka þátt í fundinum í Reykjavík í streymi.

Með félagskveðju  
F. h. fræðslunefndar KÍ

Anna María Gunnarsdótti formaður

## Reglur KÍ um ferðakostnað

KÍ greiðir ferðakostnað þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðis og Akureyrar miðað við skemmstu mögulegu dvöl á þessum stöðum til að sækja fundina.

Flugferðir: Þeir sem koma með flugi eru beðnir um að bóka sjálfir flug á vefnum og greiða. Þeir sem búa lengra en 25 km frá flugvelli fá greiddan akstur umfram 25 km hvora leið. Þeir sem koma með flugi fá greidda leigubíla innan Reykjavíkur til og frá fundarstað. Mikilvægt er að bóka flug sem fyrst til að ná lágum fargjöldum.

Akstur á eigin bifreið: Þeir sem koma akandi á eigin bifreið og búa í meira en 25 km fjarlægð frá fundarstað fá greiddan akstur samkvæmt kílómetragjaldi og vegtoll (göng) ef um hann er að ræða. Þeir sem eiga kost á flugi en kjósa að aka á eigin bifreið fá greidda upphæð sem nemur verði flugfarmiða. Þeir sem búa á sama svæði eru beðnir um að sameinast í bíla eins og kostur er.

Áætlunarbílar og ferjur: Þeir sem ferðast með áætlunarbíl eða ferju fá greitt fargjald og leigubíl til og frá fundarstað.

Gisting: KÍ greiðir gistingu á **Fosshótel Barón, Lind og Rauðará í Reykjavík að hámarki kr. 11.900 á nótt** (einstaklingsherbergi með morgunmat). Á Akureyri greiðir KÍ annað hvort gistingu á **Hótel Norðurlandi að hámarki kr. 10.530 á nótt** (einstaklingsherbergi með morgunmat) eða á **hótel KEA að hámarki kr. 14.533 á nótt** (einstaklingsherbergi með morgunmat).

Þeim sem þurfa að gista er bent á eftirfarandi leiðir:

1. Bóka herbergi á þessum hótélum og nota hótélavísun frá orlofssjóði KÍ, sem þeir kaupa á orlofsvef sjóðsins á heimasíðu KÍ (ki.is).
2. Bóka sjálfir herbergi á Sóleyjargötu 25 eða 33 í Reykjavík á vef orlofssjóðsins á heimasíðu KÍ (ki.is).

Í báðum tilvikum eru orlofspunktur bakfærðir eftir á.

Á fundarstað skal fylla út ferðakostnaðareyðublað og láta kvittanir fyrir útlögðum kostnaði samkvæmt ofangreindum reglum fylgja með.